

Mál nr. 229/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V1) og (V2)****Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: A****Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 26. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 16. ágúst 2022.
3. Bréf V2 dags. 29. ágúst 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. ágúst 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 7. janúar 2022 hafi bifreiðin A, sem á tjónsdegi var tryggð kaskótryggingu hjá V2, lent utan vegar á Ásvallarbraut við Skarðshlíð. Var lögregla kölluð til vegna atviksins og liggur skýrsla hennar, dags. 9. janúar 2022, fyrir nefndinni. Eigandi A, M, hafi tilkynnt V2 um tjónið, félagið fallist á bótaskyldu og gert hafi verið við sjáanlegar skemmdir á A. Í kjölfar þess, í mars 2022, hafi kviknað á viðvörunarljósi í mælaborði til marks um bilun í sjálfskiptingu A. Eftir nokkra skoðun á bifreiðinni hafi komið í ljós að bilunina var að rekja til þess að box utan um sjálfskiptitölvuna, sem staðsett sé bak við vinstra horn framstuðarans hafi verið brotið eftir högg og vatn því komist að tölvunni með þeim afleiðingum að hún skemmdist. Upphaflega hafi V2 talið að um væri að ræða afleiðingu umrædds tjónsatviks og fallist hafi verið á að bæta tjónið. Eftir nánari skoðun hafi V2 hins vegar vísað til þess að A hafi orðið fyrir tjóni á árinu 2017, þegar hún var í eigu annars aðila og tryggð hjá V1. Aldrei hafi verið sótt í kaskótryggingu hjá V1 vegna þess tjóns. Hafi V2 talið að umrædda skemmd væri að rekja til þessa fyrra tjóns og því hafi frekari bótaskyldu verið hafnað. M mótmælir þeirri afstöðu enda hafi komið högg á framstuðarann við atvikið í janúar 2022 og sýni ljósmyndir að ákomur hafi verið á A á þeim stað sem tölvuboxið sé. Hafi bifreiðin lent á hljóðmön utan vegar og ökumaður hennar fengið hálsnykk við höggið og því sé ljóst að um nokkuð högg hafi verið að ræða. Þá sé fráleitt að halda að tjón vegna skemmda sem hafi komið til á árinu 2017 komi fyrst fram að liðnum fimm árum og 70.000 kílómetra akstri.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji kröfu M beinast að V2 og því skili félagið ekki sérstökum athugasemdum vegna málsins.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að tjónið frá árinu 2017 hafi verið mun umfangsmeira og ákoma hafi verið á þeim stað sem tölvan sé staðsett. Umrædd tölva sé staðsett um 10-15 sentimetrum fyrir neðan framljós A, eða milli framljóss og kastara, en af ljósmyndum megi ráða að tjónið sem varð við atvikið í janúar 2022 hafi verið alfarið bundið við neðsta hluta stuðarans. Hafi því brot á tölvukassanum ekki getað komið til í því tjóni enda sé ekki að sjá að högg hafi komið á þann hluta bifreiðarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M segir að ekki verði séð að eiginlegt högg hafi komið á stuðara A við fyrra tjónsatvikið, heldur sé frekar um nuddákomu að ræða. Við atvikið í janúar 2022 hafi högg komið upp á stuðarann frá neðanverðu en ljóst sé að við þannig högg geti hlutir gengið til og komið til tjóns bakvið hann. Stuðarinn sé þá úr plasti og geti tekið á sig þungt högg án mikilla sjáanlegra skemmda, og það sé ekki aðeins sjáanlegt tjón sem segi til um umfang raunverulegra skemmda. Þá sýni ljósmyndir að vissulega hafi komið högg á umrætt svæði við tjónsatvikið 2022. Þá er áréttað að það væri þá ótrúleg tilviljun kæmi tjón vegna atviks fimm árum áður einmitt fram nokkrum vikum eftir seinna tjónsatvikið.

Álit.

Fyrir nefndinni liggur ekki fyrir hvort eða hvaða kröfum M beinir að V1 og kemur þáttur þess ekki til frekari skoðunar.

Hvað varðar ágreining M og V2 liggur samkvæmt framansögðu fyrir að aðila greinir á um hvort brot á kassa utan um sjálfskiptitölvu A hafi komið til við tjónsatvikið 7. janúar 2022, þegar ökumaður A missti stjórn á henni sökum hálfu og hafnaði utan vegar. Þá liggur fyrir að bilun í sjálfskiptitölvu kom ekki fram fyrr en í marsmánuði, eða um tveimur mánuðum síðar. Það hvílir á M að sýna fram á að

skemmdirnar sem komu fram á sjálfskiptitölvunni sé að rekja til umrædds atviks. V2 vísar til þess að ákomur á A samræmist ekki slíkum skemmdum, enda sé staðsetning þeirra ekki til samræmis við þá bilun sem síðar kom fram. M mótmælir þeim röksemdum, en ekki liggja fyrir nefndinni nein frekari gögn er styðji fullyrðingar hans, s.s. matsgerð bifvélavirkja um tjónið og orsakir þess. Gegn andmælum V2 og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ósannað að orsök skemmda á sjálfskiptitölvunni sé að rekja til umrædds tjónsatviks. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu A,

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir